

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Laufafell að Fjallabaki, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 14. janúar 2026 tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Laufafell, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 5. júní 2014, nr. 529/2014. Breytingin felur í sér að skilgreind verður ný leið fyrir rafstrenginn milli fjarskiptastöðvarinnar og mastursins á toppi Laufafells. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 19. febrúar 2026.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 5. mars 2026